

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. febrúar 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun umferðarskipulags við Höfðabakka og Bæjarháls

Borgarstjórn samþykkir að fela Reykjavíkurborg að taka þegar í stað til heildstæðrar endurskoðunar þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á umferðarskipulagi við Höfðabakka, þar á meðal við Bæjarháls, Dvergshöfða, Stórhöfða og á Höfðabakkabrú.

Endurskoðunin skal sérstaklega taka til:

- A. Áhrifa framkvæmdanna á umferðarflæði, þar á meðal myndun umferðarteppa eftir Höfðabakka, inn í Grafarvog og niður Ártúnsbrekku.
- B. Áhrifa á umferðaröryggi, bæði á stofnæðum og innan íbúðahverfa, þar sem umferð hefur í auknum mæli leitað inn í Höfðahverfi/Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi og Ártúnsholt.
- C. Áhrifa breytinganna á neyðarakstur, sérstaklega með tilliti til viðbragðstíma slökkviliðs, sjúkrabíla og lögreglu frá slökkvistöðinni við Tunguháls.
- D. Áforma um fjarlægingu beygjuvasa við Bæjarháls og hvort slík ráðstöfun samræmist markmiðum um skilvirkni, öryggi og greiðar samgöngur á einni af lykiltengingum borgarinnar.

Borgarstjórn felur jafnframt viðeigandi sviðum borgarinnar að eiga formlegt og skjalfest samráð við Íbúasamtök Grafarvogs, Árbæjar og Norðlingaholts og aðra hagsmunaaðila. Svara þarf án tafar þeirri formlegu áskorun sem Íbúasamtök Grafarvogs hafa þegar sent borgarfulltrúum og leggja fram tillögur að úrbótum sem miða að því að endurheimta eðlilegt umferðarflæði og tryggja öryggi allra vegfarenda.

Greinargerð

Á síðasta ári stóðu yfir framkvæmdir við Höfðabakka sem áttu að bæta umferðaröryggi og skilvirkni. Raunin hefur hins vegar orðið sú að staðan er víða verri en áður. Bílar raðast nú eftir öllum Höfðabakkanum, oft langt inn í Grafarvog og niður Ártúnsbrekku og umferð hefur í auknum mæli leitað inn í íbúðahverfi með tilheyrandi öryggisbresti og ónæði.

Stjórn Íbúasamtaka Grafarvogs hefur sent borgarfulltrúum formlega áskorun um endurskoðun breytinganna, án þess að svör hafi borist. Slíkt er ekki ásættanlegt, enda um að ræða stærsta hverfi borgarinnar og eina af mikilvægustu samgönguæðum hennar.

Áformin um að fjarlægja beygjuvasa við Bæjarháls auka enn alvarleika málsins. Slíkar breytingar geta haft bein áhrif á neyðarakstur, þar sem hver sekúnda skiptir máli. Auknar tafir og minni sveigjanleiki í akstri geta lengt viðbragðstíma neyðarþjónustu, sem er einfaldlega ekki boðlegt.

Höfðabakki er lykilstofnæð sem tengir saman austur- og norðurhluta borgarinnar. Breytingar á slíkum tengingum verða að vera vel ígrundaðar, faglega rökstuddar og byggðar á raunverulegum gögnum um öryggi og flæði. Það skilyrði er ekki uppfyllt eins og staðan er nú.